

Aðalfundur landnema á Fellsmörk. Haldinn 7. maí 2024 í samkomusal Skógræktarfélags Reykjavíkur að Elliðavatni.

Auglýst dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
2. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram.
3. Kosning stjórnar og skoðunarmanna ársreikninga í samræmi við 4. grein félagslaga.
4. Ákvörðun um félagsgjald næsta starfsár.
5. Önnur mál

- Plöntunefnd

Kaffveitingar

Fræðsluerindi um gönguleiðir á Fellsmörk, Einar Ragnar Sigurðsson.

Magnús Jóhannesson kosinn fundarstjóri fundar og Jóhanna Bergrúnar Ólafsdóttir samþykkt sem ritari fundarins.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.

Prentuðum eintökum var dreift til fundargesta.

Formaður fór yfir helstu mál og viðburði á vegum félagsins á liðnu ári. Plöntudagur, umhirðunámskeið, vegamál, ruslagámur og skipulagsmál voru meðal þess sem rætt var um, sjá meðfylgjandi skýrslu stjórnar.

Stjórn félagsins var óbreytt frá síðasta ári. Allar brautir á Fellsmörk eiga fulltrúa í stjórn. Fjöldi setinna landa er óbreytt frá fyrra ári.

Ábending úr sal í tengslum við innheimtu sorphirðugjalds á meðan svæðið hefur ekki ruslagám. Upplýsingar frá sveitarfélaginu benda til þess að ekki sé rukkað sorphirðugjald á meðan þetta mál sé í vinnslu.

2. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram.

Guðrún Ólafsdóttir, gjaldkeri félagsins leggur fram ársreikning félagsins. Engar athugasemdir við við reikning og hann samþykktur.

Ábending úr sal um að mögulega væri hagstæðara að geyma peninga félagsins inni á betri reikningi en raunin er í dag. Gjaldkeri tekur það til skoðunar.

3. Kosning stjórnar og skoðunarmanna ársreikninga í samræmi við 4. grein félagslaga.

Sitjandi stjórnarmenn eru tilbúin til að sitja áfram í stjórn. Fundarstjóri óskar eftir framboðum úr sal sem ekki komu. Fundargestir samþykkja áframhaldandi setu núverandi stjórnar.

Í stjórn sitja eftirfarandi:

Einar Ragnar Sigurðsson frá Hlíðarbraut, formaður stjórnar
Guðrún S. Ólafsdóttir frá Keldudal,
Jóhanna Bergrúnar Ólafsdóttir frá Heiðarbraut,
Einar Kristjánsson frá Gilbraut,
Hallur Björgvinsson frá Heiðarbraut en fyrir Dalbraut,
Tryggvi Þórðarson frá Króki,
Valdimar Reynisson frá Hólsbraut.

Skoðunarmenn reikninga bjóða sig fram í áframhaldandi setu. Engin móttframboð úr sal og þeir þar með samþykktir.

Skoðunarmenn reikningar eru:

Kjartan Kárason
Magnús Jóhannesson

4. Ákvörðun um félagsgjald næsta starfsár.

Gjaldkeri leggur til að halda félagsgjöldum óbreyttum frá síðasta ári og er það samþykkt af fundinum.

5. Önnur mál

a) Plöntunefnd. Valdimar Reynisson talar fyrir hönd nefndar.

Áætlaður sameiginlegur gróðursetningardagur er 29. júní n.k.. Gert er ráð fyrir að gróðursett verði í framhaldi af því svæði sem unnið hefur verið að undanfarin ár, austan megin við Fell.

Pantað var minna af plöntum en síðastliðið ár, þar sem töluvert var eftir af plöntum frá síðasta ári. Eigum við von á um 4000 plöntum og vonast er til að þær verði afhentar fyrri part sumars.

Spuring úr sal um plöntur sem settar voru niður í mýrarstykki á móts við gömlu hlöðuna. Hallur segir hluta af þeim vera í góðum vexti.

b) Auður framkvæmdastýra SR tekur til máls.

Þakkar félagsmönnum fyrir þolinmæðina gagnvart SR í tengslum við deiliskipulag. SR vill leggja áherslu á að vanda vinnuna við deiliskipulagið. Auðlind sem við eigum á Fellsmörk. SR vinnur í því að leysa og bæta þá þætti sem landnemafélagið hefur komið áleiðis til hennar, t.d.;

- Hún hefur ítrekað haft samband við sveitarfélagið vegna sorphirðumálanna.
- Vegagerðin hefur verið að styrkja uppbyggingu vega, Auður hefði viljað fá athugasemdir frá félaginu fyrr.

- Verktaki er komin í verk að skipta út ryðguðum vírum í girðingunni.

- Umræða fór fram um efnistökur innan svæðisins. Gera má ráð fyrir því að þungaflutningar hafi neikvæð áhrif á gæði vega.

c) Nýkjörinn formaður tekur til máls. Telur sig fá góðan stuðning frá stjórn og þakkar fyrir traustið sem honum er sýnt.

Fræðsluerindi um gönguleiðir á Fellsmörk, Einar Ragnar Sigurðsson.

Fróðlegt erindi með glæsilegri myndasýningu. Líflugar umræður um gönguleiðir, staðhætti og nafnagiftir.